



FÉLAG SKÓGARBÆNDA  
Á NORÐURLANDI

## Stjórnarfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi.

Fundur í stjórn Félags skógareigenda á Norðurlandi haldinn 22. júní í Gömlu gróðrarstöðinni kl.16:00

Mætt eru: Páll Ingvarsson, Davíð Herbertsson, Sigurlína Jóhannsdóttir og Sigrún H. Þorsteinsdóttir.  
Helga S Bergsdóttir ritari boðaði forföll.

Rætt var um félagsgjöldin. Ljóst er að það þarf að hækka þau, spurning um hvort þau eigi að hækka úr 7.500 kr. eða í 8.000 kr. Einnig þarf að ákveða hvort greitt er 1 gjald fyrir hjón eða 1 gjald á nafn í félagaskrá. Ákveðið að fjalla um þessar tilögur á aðalfundinum og taka ákvörðun þar.

Aðalfundurinn verður haldinn 11. júlí í Vaglaskógi í tengslum við Skógardaginn sem Norðurlandsskógar, Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélag Eyfirðinga, Félag skógarbænda á Norðurlandi, Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga, Skógfræðingafélag Íslands og gróðrarstöðin Sólskógar standa að. Ákveðið að hafa súpu og brauð á fundinum þar sem hann mun byrja kl.11:00. Páll sér um að fá súpu á fundinn. Samið var við Brynjar Skúlason um að koma út auglýsingu um fundinn þar sem ljóst er að Björkin mun ekki koma út fyrir þennan fund.

Það er komið að Páli og Sigurlínu að ganga úr stjórn, Sigurlína gefur kost á sér áfram en Páll ekki.

Aðeins var rætt um kurlaramál. Á Eyjafjarðarsvæðinu er verktaki sem getur tekið að sér verkefni en í Þingeyjarsýslu er enginn sem og í Húnavatnsýslum. Í Skagafirði er kurlari hjá Endurvinnslustöðinni Flokku og geta þeir kurlað fyrir fólk ef það kemur með viðinn til þeirra en vegna stærðar og þunga er hann ill færanlegur. Sameiginlegur kurlari virðist ekki vera fýsilegur kostur samkvæmt fyrri reynslu og verður því í framtíðinni að treysta á verktaka.

Gjaldkerinn minnti formann á að telja upp styrki í gjöfum fyrir aðalfundinn í skýrslu sinni á aðalfundinum t.d. skyrdrykki frá MS og fordrykk frá Sveitarfélaginu Skagafjörður.

Uppi eru hugmyndir um sameiningu í skógargeiranum sem koma frá ráðherra. Við fengum blöð í hendurnar sem á voru „Drög að sameiningu skógargeirans, sýn LSE á þau“ en þar sem það átti að skila þessu til ráðherra morguninn eftir og afar lítill tími til stefnu, sumir voru að heyra um þetta í fyrsta skipti þá treystum við okkur ekki til að gefa álit á þessu máli.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir ritaði í fjarveru Helgu Bergsdóttur